



Efni: Heimild til að hefja verkefnið „Þarfagreining fjárhagskerfa“

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði, fyrir hönd fjármála- og áhættustýringarsviðs, að hefja verkefnið „Þarfagreining fjárhagskerfa“.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá febrúar til júní 2025 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 15,8 m.kr. sem tilheyrir eignasjóði á framkvæmdatímanum.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Greinargerð:

Þjónusta og stuðningur við UNIT4 fjárhagskerfi borgarinnar er að leggjast af í núverandi mynd. Boðið er upp á yfirfærslu í skýjalausn, en slík yfirfærsla krefst sambærilegrar vinnu og innleiðing á nýju kerfi. Fjárhagskerfið hefur verið í notkun hjá Reykjavíkurborg frá 1998 og inniheldur fjölda sérsniðinna lausna sem vilji stendur til að einfalda eða losna við. Sem stendur liggur ekki fyrir hverjar framtíðarþarfir borgarinnar eru né hvaða kerfi myndi henta best.

Lokaafurð verkefnisins felst í því að annaðhvort innleiða nýtt fjárhagskerfi eða færa borgina yfir í skýjalausn UNIT4. Fyrsti áfangi verkefnisins er ítarleg þarfagreining og mat á valkostum; að halda áfram með UNIT4 í skýjalausn eða taka upp nýtt kerfi sem mætir þörfum borgarinnar. Mikilvægt er að velja lausn sem styður við fjölbreyttar kröfur borgarinnar og styðst við stafræna þróun til framtíðar. Áframhaldandi notkun á núverandi kerfi er áhættusöm þar sem það er ekki lengur uppfært né studd af birgja.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 15,8 m.kr. sem tilheyrir eignasjóði á framkvæmdatímanum.

Kostnaðarstaður: kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Verkbeiðnanúmer 258553.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,



Þröstur Sigurðsson,
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur